

Viðtakandi

Gata

Sveitarfélag

netfang@netfang.is



Reykjavík 16.06.2025

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um drög á breytingu á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið birti drög að breytingu á reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (mál nr. S-103/2025) á samráðsgátt stjórnvalda 3. júní 2025. Drögin leggja til að bæta við fleiri tegundum atvinnustarfsemi í skráningu í stað starfsleyfis, og er lagt til að samtals 23 flokkar atvinnureksturs bætist við reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur. Þá kemur fram í drögunum að skráning felur í sér skráningu tiltekins atvinnurekstrar sem tiltekinn er í viðauka reglugerðarinnar í miðlæga rafræna gátt í stað starfsleyfisskyldu.

Samtök ferðapjónustunnar hafa farið yfir drögin og vilja koma með eftirfarandi athugasemdir.

Breyting til góða fyrir veitingastaði

Í 2. gr. í boðum breytingum er m.a. lagt til að rekstur veitingastaða verði hér eftir bætt inn í reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur í stað starfsleyfis samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Slíkt mun koma sér til góða fyrir rekstur veitingastaða þar sem breytingin felur m.a. í sér að ekki þarf lengur að auglýsa starfsemi í 4 vikur. Þá er skráning einnig ótímabundin. Veitingastaðir munu væntanlega eftir sem áður þurfa starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995. Þau lög mæla hins vegar ekki fyrir um auglýsingaskyldu þannig að 4 vikna fresturinn til að auglýsa starfsemi eða breytingar er ekki lengur til staðar með þeim óþarfa kostnaði sem því fylgir.

Samtökin fagna ofangreindri viðbót við reglugerðina og telja hana til mikilla bóta. Ákvæðið stuðlar að því að einfalda útgáfu á starfsleyfum, m.a. til veitingastaða. Ákvæðið útrýmir óþarfa biðtíma fyrir rekstraraðila sem ætti samhliða að minnka óþarfa kostnað fyrir veitingastaði. Kostnaðurinn myndast þegar veitingastaður er tilbúin undir rekstur en þarf að greiða laun og verður af tekjum því hann er eingöngu að bíða eftir auglýsingu á starfsleyfi. Með fyrrgreindri breytingu getur eftirlitsaðili einbeitt sér að öðru en óþarfa auglýsingaskyldu.

Ráðherra sem hlustar á atvinnulífið

Ráðherra er með fyrirbyggjandi breytingu að bregðast við tillögum og athugasemdum frá atvinnulífinu og er það vel. Fjöldi rekstraraðila veitingastaða hafa gagnrýnt núgildandi fyrirkomulag og bentu samtökin m.a. á þessa tillögu í umsögn sinni frá 5. júní sl., sjá [hér](#). Ráðherra sýnir að með þessari aðgerð til breytinga er hann tilbúinn að bregðast við óþarfa flækjum sem atvinnulífið stendur frammi fyrir. Vekur það von um jákvæða tíma til að eyða óþarfa flækjum þegar kemur að rekstri t.d. veitingastaða.

Áframhaldandi breytingar til góða

Samtökin hvetja ráðherra til að halda áfram að einfalda rekstrarumhverfi fyrirtækja. Sérstaklega umhverfi veitingastaða sem starfa undir óþarfafléga flóknu lagaumhverfi. Sérstaklega þegar kemur að eftirlitsumhverfi veitingastaða. Núverandi eftirlit er til endurskoðunar en ráðuneyti umhverfis-, orku- og lofslagsráðuneytið og matvælaráðuneytið (nú atvinnuvegaráðuneytið) kynntu á samráðsgátt stjórnvalda, endurskoðun fyrirkomulags eftirlitskerfis með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum (mál nr. S-21/2025 og mál nr. S-19/2025). Samtökin skiluðu inn umsögn um málið, sjá [hér](#).

Þar og nú vilja samtökin benda á að ítrekað hefur verið bent á ósamræmi í eftirliti milli heilbrigðisumdæma. Rekstrarumhverfi veitingastaða og annars atvinnureksturs mun ekki batna fyrr en allt eftirlit er samræmt. Félagsmenn SAF telja að til þess að bæta eftirlitið þá þurfi að samræma eftirlitsaðferðir og verklagsreglur við eftirlit og upplýsingargjöf. Þá þarf málmeðferð eftirlitsins að vera skilvirk, einföld, hröð og hagkvæm. Ósamræmt eftirlit grefur undan trúverðugleika eftirlitsins í heild. Þjónustuþegi þarf að geta treyst því að sömu kröfur og leiðbeiningar gildi um alla þjónustuþega í sömu stöðu hvar sem þeir eru á landinu. Það á ekki að skipta máli hvar á landinu rekstraraðili rekur starfsemi. Sama starfsumhverfi á að vera til staðar. Því verður ekki náð nema með samræmdu eftirliti.

Samræmt eftirlit með því að færa það til stofnanna ríkisins

Núverandi fyrirkomulag tryggir ekki að mismunandi framkvæmdaaðilar eftirlits geti viðhaldið samræmdu eftirliti um land allt. Mismunandi framkvæmdaaðilar eftirlits gefa mismunandi leiðbeiningar sem leiðir oftast en ekki til þess að jafnræðis- og meðalhófsreglu er ekki fylgt sem skyldi á milli heilbrigðissvæða. Niðurstaða eftirlits, framsetning þess, birting og málshraði mála þarf að vera sá sami um allt land. Það myndi auka skilvirkni hjá öllum aðilum, framkvæmdaaðilum eftirlitsins og þjónustuþegum þess..

Til að leysa vandamál núverandi fyrirkomulags þá ætti allt eftirlit að vera hjá stofnunum ríkisins. Með því yrði eftirlitið samræmt um allt land og núverandi stofnanir ríkisins myndu fara með skýrt yfirstjórnunarhlutverk bæði hvað varðar faglega samræmingu verklags við eftirlit og úrvinnslu eftirlitsniðurstaðna.

Slík niðurstaða myndi einfalda eftirlitið hér á landi. Í dag er eftirlitið óþarflega flókið fyrir þjónustuþega eftirlitsins. Einfaldur hlutur er flæktur og leiðir á endanum til aukins kostnaðar fyrir alla sem koma að eftirlitinu.

Ráðherra til einföldunar

Samtökin hvetja ráðherra til enn frekari einföldunar og góðra verka. Samtökin vilja að ráðherra leggi allt sitt að mörkum til að færa allt eftirlit með veitingastöðum undir stofnanir ríkisins líkt og kom fram í vinnu starfshóps frá 2023 þar sem sviðsmynd 3 var lögð til grundvallar og kemur m.a. fram í fyrrgreindri umsögn samtakanna frá 20. febrúar á þessu ári. Samtökin leggja því til, í samræmi við fjölmargar skýrslur stjórnvalda, að eftirlitið verði samræmt og fært frá sveitarfélögum yfir til ríkisins. Samtökin vona að þessi tónn ráðherra sé kominn til að vera og hann haldi áfram að einfalda rekstrarumhverfi fyrirtækja.

SAF telja að reglugerðarbreyting ráðherra sé til góða og styðja breytingarnar sem í henni eru boðaðar. Samtökin vilja að næst eigi að hann að samræma eftirlit með veitingastöðum og færa það allt til stofnana ríkisins.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Ágúst Elvar Bjarnason, vekefnastjóri



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri